

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn bókmenntafræði

Bókmenntaverkið á Twitter

Höfundur, viðtökur, nýmiðlar og mótun.

Ritgerð til B.A.-prófs

Nína Rannveig Daðadóttir

Kt.: 290495-3349

Leiðbeinandi: Kjartan Már Ómarsson Janúar 2020

Ágrip

Í þessari ritgerð er skoðað hvernig bókahöfundar hegða sér á samfélagsmiðlum þá sérstaklega þegar það kemur að því að ræða verk þeirra. Sérstaklega er skoðað hvernig J. K. Rowling hefur rætt efni verka sinna, *Harry Potter* og *Fantastic Beasts and Where to Find Them*. Notast er við kenningar Michel Foucault og Roland Barthes um „höfundinn“, ásamt kenningum Wolfgang Iser og Gerard Genette um hvernig við lesum bókmenntaverk. Í nýju umhverfi samfélagsmiðla á seinustu árum hefur opnast nýr vettvangur fyrir höfunda og lesendur til að ræða verk og skoðanir sem eru mun aðgengilegri en hefur áður þekkt. Með miðlinum og gagnagrunninum Goodreads geta höfundar og lesendur til dæmis komið saman og rætt bækur og gefið þeim gagnrýni, annars staðar hafa aðdáendur ákveðinna verka komið saman og skapað sinn eigin skáldskap byggðan á verkum annarra.

Kenningar mannfæðingsins Arjun Appadurai um ímyndunarafl og hvernig það hefur orðið að sameiginlegri eign samfélagsins frekar en eitthvað sem á heima hjá einstaklingum eru notaðar til að útskýra slíkan skáldskap. Ásamt því er vald höfundarins skoðað og réttmæti þess að höfundurinn notist við samfélagsmiðla til að breyta efni verks síns eftir útgáfu þess. Eins og kenning Foucault um nafn höfundarins þá hefur höfundanafnið sjálft ákveðið vald og út frá því er hægt að álykta að höfundurinn hefur meira vald á samfélagsmiðlum til að breyta og tala um verkið sitt en aðrir. Rýnt er í mismunandi hlutverk sem höfundurinn tekur að sér þegar hann fer á samfélagsmiðla og ræðir verkin sín, t.d. sem aðdáandi og gagnrýnandi eigin verka. Lesandinn sjálfur verður að stjórna hvaða vald hann vill gefa höfundinum yfir textanum en það má þó ekki afneita valdi höfundarins yfir honum.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1 Hvað er höfundur?.....	4
1.1 Hvernig lesum við?	8
2 Samfélagsmiðlar og ímyndunaraflíð.	11
3 Höfundurinn á Twitter.....	17
Lokaorð.....	21
Heimildaskrá.....	25

Inngangur

Hlutverk höfundarins innan samfélagsins hefur ekki og er ekki fast inn í ákveðinni skilgreiningu. Fyrir suma lesendur er höfundurinn aðeins sá sem skrifaði bókina sem þeir eru nú að lesa á meðan aðrir kynna sér og þekkja vel til þeirra uppáhaldshöfunda og láta skoðanir sínar á þeim hafa einhver áhrif á lestur þeirra á verkunum. Það má benda á að það er í raun ekkert nýtt við að höfundar skrifi um verkin sín eða hafi samband við lesendur sína og aðdáendur sína eða fyrir lesendur að birta skoðanir sínar á verkum höfunda. Tækninýjungar hafa hins vegar gert það að verkum að fleiri eru að skrifa en nokkurn tímann áður og aðgangur að skoðunum einstaklinga sem eru tilbúnir að deila þeim eru aðgengilegri en þau hafa verið. Markmið þessarar ritgerðar er að sýna fram á að einhver breyting á hvernig samfélagið lítur á höfunda og hvernig samskiptum er háttað við höfunda hafi átt sér stað með tilkomnu samfélagsmiðla á 21. öld. Einnig er hlutverk höfundarins skoðað og hvort hann hafi í raun tekið að sér nýtt hlutverk þegar hann kemur á samfélagsmiðla, aðskilið eða samhliða höfunda hlutverkinu. Þeirri spurningu er varpað fram hvort höfundar hafi rétt á að endurskrifa verk sín á samfélagsmiðlum í ljósi þess að það er orðið auðveldara að hafa samskipti við lesandann en það hefur verið frá tíma Hómers þegar *Ódysseifskviða* á að hafa verið skrifuð?

J. K. Rowling er sá höfundur sem helst verður skoðuð hér í þessari ritgerð en hefur hún verið gríðarlega virk á samfélagsmiðlum seinustu ár og talar mjög mikið um verkin sín og notað netið til að bæta við í söguheiminn sem hún hefur skapað. Í dag hafa komið fram ýmis gagnrýni á hvernig höfundar nota samfélagsmiðla, sé það til að breyta efni bóka sinna eða til að svara gagnrýnni sem verkið hefur fengið á sig. Hlutverk og vald höfundarins verður skoðað hér út frá póststrúktúralista kenningum Roland Barthes og Michel Foucault, en fjalla þær um stöðu og virkni höfundarins samhliða verkinu. Hlutverk ímyndunaraflsins á samfélagsmiðlum verður einnig skoðað í þessu samhengi, en skoðað verður hvernig einstaklingar taka þátt í eins konar sameiginlegum heim ímyndunarafls á samfélagsmiðlum og hvernig höfundurinn passar inn í þann heim. Sem höfundur halda því fram að hann eigi að skilja sig frá verkinu alveg eftir útgáfu á meðan aðrir halda því fram að höfundurinn sem upphafsmaður textans eigi rétt á að túlka hann og stjórna túlkun lesendans á verkinu.

1 Hvað er höfundur?

Spurningin um höfundinn er spurning sem margir velta fyrir sér þegar þeir eru að lesa texta eða ræða þá. Hver er það í rauninni sem stjórnar merkingu textans, er það lesandinn sem les hann og lifir sig inn í söguheim hans eða höfundurinn sem skapaði hann? Fyrir suma lesendur kemur höfundurinn sjaldan fyrir á meðan aðrir geta átt erfitt með eða eru óviljugir að aðskilja höfund frá sögunni sem hann hefur skapað. Í ritgerð franska póststrúktúralistans Roland Barthes, „Dauði höfundarins“ sem kom út árið 1967 lýsti Barthes því yfir að meint vald höfundarins yfir textanum væri óverðskuldað og að það væri í raun lesandinn sem hefði stjórn á merkingu textans. Barthes, eins og aðrir póststrúktúralistar, var andhúmanískur og vildi afmiðja manninn með kenningum sínum og hafnaði kenningum formgerðasinna um að heimurinn virkaði í lokuðu kerfi. Hann sagði að það væri málið og efni textans sem miðlaði upplýsingum væri það sem væri mikilvægast þegar það kæmi að því að túlka textann og að það væri lesandinn sem ætti að gera það.¹ Hann horfði gagnrýnum augum á höfundinn og afneitaði því að einhverju leyti að hann væri snillingur og alvaldur yfir textanum og heiminum sem hann hefði skapað. Þessi leið til að túlka hlutverk höfundarins gengur þvert á hugmyndir rómantísku stefnu 19. aldarinnar þar sem einstaklingshyggjan ríkti og tilfinningar stjórnðu. Póstrúktúralistar 20. aldar afneituðu þessari einstaklingshyggju og þannig spruttu fram kenningar eins og kenningar Barthes.²

Kenning Barthes beinist aðalega að textanum sjálfum sem hefur verið skrifaður af höfundinum, á meðan efni sem er fyrir utan textann er ótengt textanum og á því ekki að hafa áhrif á túlkun okkar á textanum.³ Samkvæmt Barthes er merking textans alfarið háð túlkun lesandans og afneitar þar með höfundinum.⁴ Þessar hugmyndir um höfundinn voru síðan skoðaðar á níunda áratug síðustu aldar út frá nýsöguhyggjunni þar sem hugmyndum um höfundinn sem snilling var einnig afneitað. Verkið fékk að standa á eigin forsendum, aðskilið höfundinum, og átti textinn heima innan þess sögulega samhengis sem hann var skapaður í.⁵

¹ Barthes, Roland, „The Death of the Author“, *Image, Music, Text*, ritstj. og þýðandi Stephen Heath, London: Fontana Press, 1977, bls. 142-148, hér bls. 143.

² Aðrir póstrúktúralistar og samtímamenn Barthes voru t.d. Mikhail Bakhtin, Jacques Derrida, Judith Butler og Michel Foucault.

³ Í dag eru margir höfundar, eins og George R. R. Martin og Margaret Atwood, orðnir ákveðnar stórstjórnur og efni verka þeirra er að einhverju leyti komið út fyrir heim bókanna. Ýmsar bækur hafa verið aðlagðar að gerð kvikmynda eða sjónvarpsþátta alveg frá upphafi kvikmyndalistarinnar og oft er höfundurinn sjálfur virkur þáttakandi í gerð þess efnis. Höfundar hafa því ýmis tækifæri til að breyta umræðunni um textann og söguna, bæði við aðlögun að gerð kvikmynda og umræðu á vettvangi eins og samfélagsmiðlum.

⁴ Sama rit, bls. 148.

⁵ Barthes, Roland, „The Death of the Author“, bls. 155.

Höfundurinn sjálfur er gríðarlega mikilvægur varðandi textann, enda er textinn hans sköpunarverk og söguheimurinn sprottinn úr ímyndunarafli hans. Einstaklingar og samfélög hafa átt það til að tengja höfundana sterkt við verk þeirra, sérstaklega á seinustu árum með vinsælustu höfundana sem hafa verið háværastir á samfélagsmiðlum eða annars staðar. Til dæmis hafa verk vísindaskáldskaparhöfundarins Orson Scott Card, sem skrifaði *Ender's Game* bókaseríuna, verið gagnrýnd mikið vegna öfgakenndra pólitískra skoðana hans, t.d. vegna fordóma hans gagnvart samkynhneigðum. Það er ekki hægt að sjá þessar skoðanir hans endurspeglast í verkum hans en bækur hans eru í dag gríðarlega tengdar við skoðanir hans þrátt fyrir það.⁶

Barthes myndi setja ákveðin fyrirvara við þessa hefð samfélagsins að eigna texta höfundi. Hann segir í ritgerð sinni: „To give an Author to a text is to impose upon that text a stop clause, to furnish it with a final signification, to close the writing“.⁷ Með því að tileinka textann ákveðnum höfundi tapar túlkun okkar á honum öllu réttmæti og þar með festum við textann og gefum hann alveg til höfundarins.⁸ En þegar Barthes talar um að textanum sé þar með lokað nefnir hann ekki það sem stendur fyrir utan textann, hvort sem það er höfundurinn sem hefur skapað það efni eða ekki. Barthes bendir einnig á að „höfundurinn“ sé uppfinning nútímans sem hafi komið fram við lok miðaldanna þegar einstaklingshyggja fór að verða algengari.⁹

Það þarf þó að skilgreina hvað það er sem tilheyrir verkinu sjálfu, eins og póststrúktúralistinn og samtímamaður Barthes, Michel Foucault, nefnir þá þarf að skilgreina hvaða efni eftir höfundinn við teljum vera hluta af verkinu. Franski póststrúktúralistinn Gerard Genette skilgreindi hugtakið innrömmun (e. paratextuality) sem fjallar um það sem á heima milli heims textans og þess heims sem skapast í kringum útgáfu textans.¹¹ Allir hlutir sem tengjast textanum vinna saman að túlkun textans hjá lesendum. Þar með taldir hlutir eins og titillinn, höfundar nafnið, formálinn, undirtitlar, punktar höfundarins og annarra o.fl.¹² Samfélagsmiðlar

⁶ Edidin Rachel, „Orson Scott Card: Menton, Friend, Bigot“ *Wired*, 2013, sótt 03.12.2019 af <https://www.wired.com/2013/10/enders-game/>

⁷ Barthes, Roland, „The Death of the Author,“ bls. 147.

⁸ Höfundurinn Margaret Atwood greinir hins vegar á milli skáldsins og sögumannsins, hún heldur því fram að sá fyrrnefndi hefur fulla stjórn á textanum og persónum innan textans á meðan sá seinni hefur minna vald af því að hann getur ekki farið til baka, hann er bundin við það sem kom áður því hann var búin að segja þann hluta sögunnar. Sögumenn endursögðu sögunar sem áður fyrir voru til, endursögðu sögur sem aðrir höfðu skrifað eða höfðu geymst í munnmælum sem var vinsælasta leiðin til að miðla sögum einstaklinga á milli

⁹ Sama rit, bls. 142-143.

¹¹ Macksey, Richard, „Forword“, Genette, Gerard, *Gerard Genette Paratexts: Thresholds of interpretation*, New York: Cambridge University Press, 1997, bls XVII

¹² Macksey, *Gerard Genette: Paratexts*, bls. XVII.

eru einnig hluti af þessar innrömmun, ef við lesum frétt um verkið, eða eitthvað sem höfundurinn hefur skrifað um verkið á hinum ýmsu samfélagsmiðlum, þá hefur það óneitanlega áhrif á lestur okkar á verkinu sjálfu. Jafnvel ef eitthvað tengist gagnrýnni á textanum þá er það hluti af útlistun (e. metatext) frekar en innrömmun textans.¹³

Michel Foucault fjallaði einnig um „eðli“ höfundarins og var á sömu skoðun og Barthes að höfundurinn væri í raun dauður en hann gekk lengra og skoðaði einnig „eðli“ verksins og hvað af því sem höfundur hefði skrifað væri í raun hluti af þessu meinta „verki“. „Ef einstaklingur er ekki höfundur er þá hægt að kalla það „verk“ sem hann hefur skrifað eða sagt, pappíra sem hann skilur eftir sig, það sem hann hefur komið áleiðis? Hvað á að kalla pappíra sem Sade skildi eftir sig áður en hann varð höfundur? Eru þeir aðeins pappírrollur sem hann festi á endalausar ímyndanir sínar meðan hann sat í fangelsinu?“¹⁴ Þarna spyr Foucault sig hvort efni sem höfundurinn skrifar áður en hann varð höfundur sé með réttu „verk“ eins og hann kallar það. Þessa spurningu má einnig yfirfæra á allt það efni sem skrifað er af höfundinum eftir að hann er orðinn höfundur. Er þá einnig hægt að fullyrða að *allt* sem höfundur skrifar sé hluti af einhverju „verki“? Foucault komst að þeirri niðurstöðu að allt annað sem höfundurinn hefði skrifað fyrir utan verkið sjálft teldist í raun ekki hluti af verkinu.¹⁵

Foucault leggur áherslu á það að það sé ákveðinn munur á því að vera höfundur og því að vera venjuleg manneskja, að það að vera höfundur þýði að samfélagið hafi gefið þér ákveðin sess innan þess og þar með ákveðið vald sem annars væri ekki til staðar. Þegar við gefum einum einstaklingi slíkt vald er hætt við því að það verði til eitthvert mótvald. Í tilviki höfundarins koma fram gagnrýnendur sem gagnrýna efni í bókum hans og höfundinn sjálfan. Barthes heldur því fram að gagnrýnandinn ætti að hverfa með höfundinum, þar sem að það er höfundurinn sem veitir honum vald með því að vera til.¹⁶ En hver er þá tilgangurinn með gagnrýnni raunverulega? „Þeirri kunnuglegu kenningu er haldið á lofti að hlutverk gagnrýnnar sé hvorki að losa um tengsl höfundar og verks né heldur að endurvekja hugsun hans eða reynslu út frá verkinu, öllu heldur eigi hún að greina verk með hliðsjón af formgerð þess, uppbyggingu þess, innbyggðu formi þess og leik þeirra tengsla sem í því búa“, samkvæmt Foucault.¹⁷

¹³ Macksey, *Gerard Genette: Paratexts*, bls. XIX..

¹⁴ Foucault, Michel, „Hvað er höfundur?“ *Alsæi, vald og þekking*, þýtt af Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurði Ingólfsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 69-95, hér bls. 74.

¹⁵ Foucault, Michel, „Hvað er höfundur?“, bls. 75.

¹⁶ Barthes, Roland, „The Death of the Author“, bls. 147.

¹⁷ Foucault, Michel, „Hvað er höfundur?“, bls. 74.

Skoðun okkar á höfundinum, bæði þegar það kemur að textanum sjálfum og þeirri innrömmunn/paratexta sem er í kringum textann, getur haft gríðarleg áhrif á okkur sem má ekki fjarlægja frá höfundinum með því að fullyrða að hann sé einfaldlega „dáinn“. „Það er auðvitað ekki rétt að höfundur skáldsögu sé ekki höfundur eigin texta því ef hann öðlast ákveðinn sess þá getur hann haft talsverð áhrif á sínu sviði. Svo dæmi sé tekið má segja að Ann Radcliffe hafi ekki aðeins skrifað *The Mysteries of Udolpho* og fleiri skáldsögur, heldur gerði hún hrollvekjurnar sem komu til á 19. öld mögulegar og að því leyti náði virkni hennar sem höfundar út yfir hennar eigin verk”.¹⁸ Á sama hátt hafa höfundar eins og J. K. Rowling náð að hafa gríðarleg áhrif bæði í gegnum skrif sín og út yfir þau. Það er því að einhverju leyti of einföldun að fullyrða að höfundurinn sé dauður af því að það má ekki gera lítið úr þeim áhrifum sem höfundurinn hefur haft á samfélagið.

Eins og Foucault bendir á getur nafn höfundarins haft mikið vægi og með því er hægt að mynda ákveðnar tengingar, en ákveðin nöfn vekja upp ákveðnar tilfinningar og hugmyndir. Þegar við tölum um Hómer erum við ekki bara að tala um Hómer, heldur ýmsar hugmyndir um hver Hómer var og hvort að hann hafi verið einn einstaklingur eða hvort að sá sem við þekkjum sem Hómer sé í raun samansafn af höfundum sem tóku þátt í skrifum kviðanna þekktu. Foucault heldur því fram að það sé hægt að gera greinarmun á nafni sem eigin nafni og sem nafni höfundarins, að nafni höfundarins fylgi ákveðin orðræða sem annars gerir það ekki.¹⁹ Það er í þessari orðræðu sem hægt að gera greinarmun á því sem er hluti af „verkinu” og því sem er ekki hluti af verkinu en er þó skrifað af höfundinum.²⁰

Nafn höfundarins kemur yfirleitt fram í stórum stöfum á bókakápunni, undir eða yfir bókatitlinum. Dæmi eru um það að nafn höfundarins getur verið stærra en titill bókarinnar á kápunni og á íslenskum bókamarkaði eru höfundar sem eru svo þekktir að varla þarf föðurnafn á kápuna.²¹ Genette bendir á að nafn höfundarins sé að finna út um allt í kringum textann, í auglýsingum, fréttum, slúðri og almennri umræðu um bókina.²² Margir höfundar nota sitt eigið nafn á bókum sínum en það er þó stór hópur fólks sem notar höfundanafn, sérvalið til að hylja

¹⁸ Foucault, Michel, „Hvað er höfundur?“, bls. 74.

¹⁹ Sama rit, bls. 79.

²⁰ Sama rit, bls. 80.

²¹ Dæmi um þetta er Yrsa Sigurðardóttir og Arnaldur Indriðason sem eru oftast auðkennd á fornafni sínu og þekktur brandari er að maður er búin að „meika“ það á íslenskum bókamarkaði þegar maður þarf ekki lengur að notast við föðurnafn sitt.

²² Genette, *Gerard Genette: Paratext*, bls. 38.

raunverulega höfundinn eða í þeim tilgangi að auka sölu bókanna. Sem dæmi um höfundanafn er J. K. Rowling sem hefur allan feril sinn notað höfundanafn en K. er ekki hluti af raunverulega eiginnafni hennar, Joanne Rowling. K-inu sem var bætt við í skammstöfun eiginnafns hennar stendur fyrir Kathleen sem er nafn ömmu hennar og var bætt við höfundanafn hennar að ósk útgefenda hennar sem taldi að bækur með kvenkyns höfundi myndu ekki vera jafn söluhæfar til ungra stráka og annars.²³ Þarna kemur virkni höfundanafnsins inn, líkt og Foucault gerir grein fyrir að nafni sem eignarorði fylgi ákveðið vald. Útgefandi Rowling kýs að nota kynlaust nafn vegna þess að hann taldi að það hafi meira áhrif innan markhópsins en augljós kvenkynsnöfn hafa, en eins og Foucault gerir grein fyrir þá er virkni nafna öðruvísi og er því virkni karlkynsnafna öðruvísi en kvenkynsnafna. Þarna lá ástæðan aðeins í söluhæfni bókanna og því ætti það að benda til að efni bókanna væri einnig að einhverju leyti öðruvísi vegna þess að það hafi verið skapað að karlkyns höfundi.

1.1 Hvernig lesum við?

Til að skoða almennilega hvort að höfundurinn sé í raun og veru dáinn og að merking texta liggi hjá lesandanum frekar en hjá höfundinum er gott að skoða einnig hvernig lesandinn les textann sem höfundurinn skapar. Þýski bókmenntafræðingurinn og einn af upphafsmönnum viðtökufraeðinnar, Wolfgang Iser, greinir frá því að verkið sé að einhverju leyti tvírætt, það er ein hlið sem er hið listræna sem höfundurinn skrifar og hið sjónræna sem er það sem lesandinn túlkar.

From this polarity it follows that the literary work cannot be completely identical with the text, or with the realization of the text, but in fact must lie halfway between the two. The work is more than the text, for the text only takes on life when it is realized, and furthermore the realization is by no means independent of the individual disposition of the reader – through this in turn is acted upon by the different patterns of the text.²⁴

²³ J. K. Rowling, „About“, *jkrowling.com*, sótt 16.10.2019 af <https://www.jkrowling.com/about/##targetText=The%20book%20was%20first%20published,target%20audience%20of%20young%20boys>.

²⁴ Iser, Wolfgang, *The reading process*, bls. 189.

Foucoult meðal annars bendir á að við sem lesendur getum gefið höfundunum gríðarlega mikið vald ef við eignum þeim texta.²⁵ Það má því segja að að einhverju leyti er hægt að veita höfundinum þetta vald með því að eigna honum ákveðin texta og söguheim.

Hægt væri að álykta að samfélagið hafi skapað ákveðna línu sem höfundurinn ætti ekki að fara yfir þegar það kemur að textanum og söguheiminum, en hvar þessi lína liggur er mjög umdeilt og er að einhverju leyti stjórnað að hverjum lesenda fyrir sig. Þegar höfundur fer yfir línuna þá eru þeir farnir að gefa sér að þeir geti stjórnað hvernig lesandinn ætti að hugsa og túlka söguheiminn.

No author, who understands the just boundaries of decorum and good-breeding, would presume to think all: The truest respect which you can pay to the reader's understanding, is to halve this matter amicably, and leave him something to imagine, in his turn, as well as yourself. For my own part I am eternally paying him compliments of this kind, and do all that lies in my power to keep his imagination as busy as my own.²⁶

Þetta hefur Wolfgang Iser að segja um hlutverk höfundarins þegar það kemur að því að stjórna verkinu og veita upplýsingar til lesandans. Hann ítrekar að ef lesandanum er gefinn allur söguheimurinn og öll smáatriði um persónurnar og söguna hefur hann engan möguleika á að nota ímyndunaraflið sitt þegar hann les textann og það myndi leiða til þess að lesandanum leiðist lesturinn af því að hann hefur í raun ekkert að gera.²⁷ Því þarf höfundurinn að einhverju leyti að hafa varann á því þegar hann er að skrifa textann að hafa hjáveruleika Isers, sem er það svæði sem textinn og ímyndunarafl lesandans mætast til að „raungera“ skáldverkið, í huga og opinbera ekki of mikið um persónurnar og söguheiminn.

Eins og kom fram í kaflanum hér á undan segir nýsöguhyggjan okkur að verkið verði til innan þess sögulega og menningarlega samhengis sem hann er skapaður í, og á sama tíma skapar einnig það samhengi, frekar en að höfundurinn sé „einhver snillingur“ sem skapar verkið.²⁸ Þýski bókmenntafræðingurinn Hans Robert Jauss heldur því fram að bókmenntaverk geti raunar aldrei

²⁵ Hér er Foucault ekki aðeins að ræða um skáldsagnahöfunda heldur einnig fræðimenn og aðra framleiðendur mismunandi texta.

²⁶ Iser, Wolfgang, *The reading process*, bls. 189-190.

²⁷ Sama rit, bls. 190.

²⁸ Bertens, Hans, *Literary Theory*, bls. 155-156.

verið nýtt af því þegar lesandinn les er hann að vekja upp minningar um eitthvað sem er kunnuglegt og þar með hefur lesandinn einhverjar væntingar til frágangs sögunnar.²⁹ Það eru ákveðnir umhverfisþættir sem koma inn þegar við lesum, hvort sem það eru aðrar frásagnir, sjóndeildahringur væntinga eins og Jauss kallar það, eða þekking okkar á mannlegu eðli sem gerir það að verkum að við myndum tengingar og væntingar þegar við erum að lesa textann.

Þegar við lesum textann og erum að túlka hann erum við að einhverju leyti bundin við lífsreynslu og upplifun okkar í túlkuninni, en einstaklingur frá Íslandi getur lesið sama texta og einstaklingur frá Kína og upplifað hann á gjörólíkan hátt. Það er einnig hægt að segja þetta um sögulega samhengi lesandans, ýmis söguleg, klassísk verk sem við þekkjum gera ráð fyrir því að lesandinn þekkir til persónanna innan sagnanna og hefur því sá lesandi annan skilning á verkinu en nútímalesandi hefur.³⁰ Ef við höfum ekki ákveðnar upplýsingar um textann, sem dæmi um hvenær hann var skrifaður nákvæmlega, af hverjum og í hvaða tilgangi, getum við fyllt í eyðurnar með því að skoða hvernig önnur svipuð verk eða tengd verk virka og dregið þannig ályktanir.³¹

Það má velta því fyrir sér hvort að þegar höfundurinn skrifar verk að það sé það ákveðið form af sjálfstjáníngu þá þurfi að skoða hvernig sjálf höfundurinn birti lesandanum. Og ef höfundurinn er að sýna eitthvert form af sjálfstjáníngu, er þá ekki hægt að segja að höfundurinn eigi verkið? Einnig er hægt að snúa þessu á haus og segja að það sé í raun lesandinn sem er að sjá eins konar hlið á sjálfum sér í textanum og að túlka textann út frá eigin höfði og því sé það hann sem á rétt á að stjórna túlkun okkar á verkinu. Samkvæmt Iser þá er það samspil textans og ímyndunarafl lesandans sem býr til nýja vídd innan huga lesandans og þar er textinn túlkaður.³² Hann gefur okkar það þó að höfundurinn hafi mikil áhrif á ímyndunarafl lesandans með því að nota hinar mismunandi frásagnaraðferðir sem honum standa til boða. Iser leggur þó áherslu á að það sé þó ekki í verkahring höfundarins að gefa lesandanum allt eftir í textanum og að hann þurfi að skilja eitthvað eftir fyrir ímyndunarafl lesandans, það er þannig sem hann nær að ná lesandanum inn í textann.³³

Þessi leið okkar til að túlka textann sem við erum að lesa og það að við fáum leyfi til að

²⁹ Jauss, Hans Robert, „Literary History as a Challenge to Literary Theory”, *New Literary History* 2: 1/1970, bls. 7-37, hér bls. 12.

³⁰ Sama rit, bls. 19.

³¹ Sama rit, bls. 19.

³² Iser, Wolfgang, „The reading process”, bls. 192.

³³ Sama rit, bls. 195.

nota ímyndunaraflið okkar er ein helsta ástæðan fyrir því að við lesum, höfundurinn gefur okkur ákveðin heim og persónur sem við fáum svo að fylla inn í eyðurnar á, eins og Iser fjallar um en hann gerir grein fyrir eyðum sem lesandinn þarf seinna meir að fylla í við lesturinn. Það er því lesandinn sem ætti að stjórna túlkun textans, enda er það hann sem er að njóta hans og lifa sig inn í söguheim hans. Líkt og Barthes segir þá ættum við ekki að eigna höfundinum ákveðinn texta af því að þar með erum við einfaldlega að loka fyrir alla túlkun.³⁴ Höfundurinn ætti því ekki að vera eignaður textanum og við ættum ekki að leyfa höfundinum að eigna sér textann. Eitt helsta vandamál sem fylgir þessu í nútímanum er að í dag er mun auðveldara en hefur verið áður fyrir höfundinn að reyna að breyta túlkun okkar á textanum og atburðum sögunnar eftir að hann er skrifaður og gefinn út.³⁵

2 Samfélagsmiðlar og ímyndunaraflið.

Síðustu áratugir hafa einkennst af mikilli tækniþróun og samfélagsbreytingum. Ný tækni hefur gefið okkur fleiri tækifæri til að stunda samskipti við hvert annað og deila upplýsingum og efni okkar á milli. Samfélagsmiðlar eru ein af þeim tækninýjungum sem hafa helst aðstoðað okkur við að auðvelda samskipti og upplýsingadreifingu, með tilkomu þeirra er hægt að senda upplýsingar á milli heimsálfa á einu augnabliki og allir hafa vettvang til að tjá skoðanir sínar. Bókahöfundar hafa á seinustu árum byrjað að nota þessa nýmiðla til að hafa samskipti við lesendur sína um bæði efni bóka sinna og aðra hluti sem vekja áhuga þeirra.³⁶ Einnig geta lesendur talað við uppáhaldshöfunda sína og fá þeir tækifæri til að spyrja þá um efni bóka þeirra og geta því fengið upplýsingar um söguheiminn sem gætu annars verið þeim óaðgengilegar. Það hefur alltaf verið til vettvangur til að ræða bókmenntir og önnur áhugamál, t.d. í dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi, en með tilkomu samfélagsmiðla hefur umræðan orðið auðveldari og allir sem eru með nettengingu hafa tækifæri til að taka þátt í henni samstundis.

Með aukinni hnattvæðingu sjáum við miklar breytingar í því hvernig list er sköpuð og

³⁴ Bertens, Hans, *Literary Theory*, bls. 156.

³⁵ Höfundar eins og Margaret Atwood, sem er þekkt fyrir *Handmaids Tale*, Stephen King sem er þekktur hryllingsbókahöfundur og George R. R. Martin, sem er þekktur fyrir bókaseríuna sína *A Song of Ice and Fire*, hafa til dæmis allir fengið tækifæri til að fjalla um verk sín á samfélagsmiðlum og endurtúlka verk sín við kvikmynda- og sjónvarpsaðlögun. Þetta felur í sér að það þarf að gera ákveðnar breytingar á verkinu þegar þau eru færð á milli miðla og einnig getur orðið einhver breyting á merkingu verksins.

³⁶ Höfundar eins og J.K. Rowling, Margaret Atwood og Neil Gaiman ásamt fleirum hafa verið mjög virkir á samfélagsmiðlum á seinustu árum.

hver það er sem skapar hana, og að sjálfsgöðu eru samfélagsmiðlar hluti af þessari samfélagsbreytingu. Mannfræðingurinn Arjun Appadurai sem skoðað hefur áhrif hnattvæðingar og tækninýjunga á nútímamenningu gerir grein fyrir því að með hnattvæðingu hefur rými hins ímyndaða heims orðið að sameiginlegri eign allra frekar en eitthvað sem tilheyrir aðeins einstaklingum.³⁷ Hann gerir grein fyrir þremur þáttum í þessari samfélagslegu breytingu á ímyndunaraflinu. Fyrst nefnir hann að ímyndunaraflið hafi brotist frá því að eiga eingöngu heima í heimi listanna, goðsagnanna og bókmenntanna og sé orðið partur af sjálfsveru allra einstaklinga samfélagsins og hefur það gert einstaklingum kleift að nota þetta ímyndunarafl á öllum vistföngum samfélagsins.³⁸ Næst nefnir hann að einhver greinarmunur sé gerður á ímyndunarafli og fantasíu, þegar hann segir að fantasían sé eitthvað sem hverfur og hafi lítil áhrif á okkur á meðan ímyndunaraflið lifi alltaf með okkur og gefi okkur eitthvert skyn á samheldni sem samfélag, því með ímyndunaraflinu getum við skapað siðferði og ýtt undir samfélagslegar breytingar.³⁹ Í þriðja lagi gerir hann greinarmun á því hvernig ímyndunarafl virkar hjá einstaklingnum og svo hjá hópnum, hann segir að með nýmiðlum hafi opnast nýr heimur þar sem einstaklingar geti deilt upplifunum sínum heimshorna á milli og geti skapað samfélög einstaklinga sem deila sama áhugamáli.⁴⁰

Aukin tækifæri lesandans til að taka þátt í umræðu um textann og söguheiminn í gegnum samfélagsmiðla þýða að það eru einnig aukin tækifæri fyrir höfundinn til að ræða textann sinn og jafnvel reyna að stjórna umræðunni um hann. Einn stór vettvangur fyrir lesandann til að taka þátt í söguheimi textans, fyrir utan að lesa hann, skapar það sem hefur verið kallað aðdáendaskáldskapur (e. fan fiction) þar sem lesandinn skrifar sína eigin sögu byggða á sögu og persónum annars höfundar.⁴¹ Þetta gefur lesandanum gott tækifæri til að taka þátt í skáldskapnum sjálfum og taka þannig að einhverju leyti þátt í heimi hins sameiginlega ímyndunarafls líkt því sem Appadurai lýsir. Ef lesandinn getur notað samfélagsmiðla sem vettvang til að breyta og bæta við söguheim lesandans, er þá ekki hægt að álykta að höfundurinn sjálfur geti einnig tekið þátt í þessum heimi og breytt og bætt sinn eigin söguheim án þess að endurskrifa upprunalega textann sjálfan? Ef við gefum okkur það að höfundurinn sé í raun dáinn

³⁷ Appadurai, Arjun, *Modernity at Large: Cultural Dimensions of Globalization*, Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 2006, bls. 5.

³⁸ Appadurai, Arjun, *Modernity at Large*, bls. 5.

³⁹ Appadurai, Arjun, *Modernity at Large*, bls. 7.

⁴⁰ Sama rit, bls. 8.

⁴¹ Frægt dæmi um slíkan skáldskap er *50 Shades of Gray* sem var upprunalega byggt á sögu *Twilight* bókaseríunnar.

og lesandinn hafi rétt á að túlka textann, þá er hægt að segja að þessir textar sem aðdáandinn skrifar séu að einhverju leyti orðnir hluti af söguheiminum. Vegna þess að þessar sögur, sem aðdáendur skapa, eru skapaðar á mismunandi tímum og innan ólíkra heimshluta hefur það ákveðin áhrif á merkingu textans og því getur nýi textinn jafnvel verið sambland af textum margra höfunda.

Að einhverju leyti eru samfélagsmiðlar og notkun þeirra orðnir nýjasti liðurinn í þróun bókmennta eins og við þekkjum þær. Þó eins og áður kom fram hefur alltaf verið til vettvangur til að ræða bókmenntir og önnur áhugamál, t.d. dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi en með tilkomu samfélagsmiðla hefur umræðan auðveldast og allir með nettengingu hafa tækifæri til að taka þátt í henni samstundis. Jauss hélt því fram að í gegnum þróun bókmennta getum við opnað fyrir nýjan skilning á verkinu sem við erum að lesa. Með nýjum bókmenntagreinum getur verk öðlast algjörlega nýjan skilning í augum lesandans, en það getur verið mjög langt á milli skilnings okkar á verkinu eins og það var fyrst gefið út af höfundinum og ákveðin túlkun á verkinu getur tekið langan tíma þar sem ekki voru til réttar eða góðar leiðir til að túlka það.⁴² Dæmi um þetta er að í dag er vinsælt að lesa klassíska verkið *Robinson Krúsó* eftir Daniel Defoe sem hefur verið túlkað þannig að persónur verksins séu samkynhneigðar. Þetta sýnir fram á að túlkun okkar á bókmenntaverkum er ekki stöðug, heldur síbreytileg og því er hægt að álykta að tilkoma samfélagsmiðla hafa að einhverju leyti haft einhver áhrif á hvernig við horfum á bókmenntir.

Á netinu ertu til ýmsir mismunandi samfélagsmiðlar sem hægt er að nota á ýmsa vegu en til er einn vinsæll miðill undir nafninu Goodreads sem ætlaður er sérstaklega fyrir bókalesendur og þjónar bæði þeim tilgangi að vera staður til að ræða bækur og einnig eins konar gagnagrunnur til að halda utan um mikinn fjölda bóka. Þrátt fyrir að rithöfundar noti alls konar síður til að hafa samskipti við lesendur sína, síður eins og Twitter, Facebook og Instagram, þá hefur Goodreads sérstaklega reynt að ýta undir þessi samskipti með því t.d. að gefa þeim höfundum sem nota síðuna titilinn „Goodreads Author“. Í ferilsrannsókn sem var framkvæmd við Northwestern háskólann í Bandaríkjunum á Goodreads og samskipum á milli höfunda og lesenda á miðlinum, var sérstaklega skoðað atvik sem átti sér stað í byrjun árs 2012. Þar hafði vel virtur notandi vefsíðunnar gefið bók slæma gagnrýni á vefsíðunni, með aðeins einni stjörnu, í kjölfarið fór höfundur bókarinnar og útgefandi gagnrýna notandann og ummælin á Twitter og safna liði til að

⁴² Jauss, Hans Robert, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, bls. 26.

kjósa jákvæð ummæli annarra notenda til að grafa niður neikvæðu ummælin.⁴³

Þetta atvik, ásamt fleirum þar sem lesendur og höfundar notuðu miðilinn, gerðu það að verkum að settir voru á strangir skilmálar⁴⁴ um umfjöllun í bókagagnrýni á vefsíðunni þar sem bannað var að fjalla beint um höfundinn í gagnrýni sinni á bókinni og var höfundum einnig bent á að svara ekki neikvæðum ummælum um bækur sínar, frekar að tilkynna það til stjórnenda til skoðunar.⁴⁵ Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að margir voru ósáttir við að höfundar skyldu svara neikvæðri gagnrýni á þennan hátt, þeir ættu í raun ekki að taka þátt í umræðu um bækur sínar á vefmiðlum og að þessi hegðun væri ófagmannleg, mjög í anda kenninga Barthes.⁴⁶ Mikil umræða skapaðist í kjölfar atburðanna sem voru til skoðunar og kom þar fram að notendur síðunnar voru mjög ósammála um það hvert hlutverk höfundarins ætti að vera og hvort að þeir hefðu rétt á að svara neikvæðum umræðum og hvort það væri fagmannlegt að hegða sér á þann hátt. Höfundur er að sjálfsögðu að reyna að selja lesandanum sögu sína með því að gefa hana út sem vöru sem hægt er að kaupa og því er hann orðinn liður í viðskiptum og er því ekki óeðlilegt að ætlast til þess að hann hegði sér að einhverju leyti fagmannlega. Engar hömlur hafa verið settar á það hvort að aðrir en höfundurinn geti svarað þessum neikvæðu ummælum þannig að höfundurinn er settur í sérstaka stöðu þar sem nafn hans gefur honum eitthvert vald og ábyrgð eins og Foucault greinir frá.

Það var í þessum umræðum á miðlinum sem hægt var að sjá kenningar bókmenntafræðinga lifna við, hægt var að sjá næstum allar hliðar málefnsins ræddar, hvort að höfundarnir ættu rétt á að ræða efni bóka sinna eða að þeir hefðu engan rétt til að taka þátt í umræðum um bækur sínar, sama hvaða í hvaða farveg þær umræður fara. Einnig er hægt að álykta að skoðun lesanda á verkum höfunda, á annað hvort neikvæðan eða jákvæðan hátt, geti jafnvel haft áhrif á hvort að lesandinn hafi áhuga á að lesa bækur höfunda yfir höfuð. Nokkrir notendur fordæmdu almennt neikvæðar umsagnir og gagnrýni á bókunum sem var yfirleitt full af hatursorðræðu og neikvæðni, en aðrir héldu því fram að allir ættu rétt á sinni skoðun og hefðu rétt til að tjá hana.⁴⁷

Þegar höfundurinn verður virkur á samfélagsmiðlum tekur hann að sér annað hlutverk í

⁴³ Matthews, Jolie C, „Professionals and nonprofessionals on Goodreads: Behavior standards for authors, reviewers, and readers”, *New Media and Society* 18: 10/2015, bls. 2305-2322, hér bls. 2307.

⁴⁴ Goodreads, „Author Guidelines“, *Goodreads*, sótt 28.11.2019 af <https://www.goodreads.com/author/guidelines>

⁴⁵ Sama rit, bls. 2306.

⁴⁶ Sama rit, bls. 2309.

⁴⁷ Matthews, Jolie C, „Professionals and nonprofessionals on Goodreads”, bls. 2314.

augum almennings sem er að einhverju leyti aðskilið frá hlutverki hans sem höfundur. Hann verður að stjórnun sem er alltaf tengd verkum sínum en þó að einhverju leyti aðskilin þeim. Í bók sinni um stjörnumenningu segir félagsfræðingurinn Chris Rojek að stjörnumenning sé að einhverju leyti drifin áfram af þrá almennings og eru stjórnur eitt form af söluvöru innan kapítalísks samfélags.⁴⁸ Þannig eru aðgerðir höfundar á samfélagmiðlum að einhverju leyti litaðar af því að hún vilji selja bækur og aðra hluti tengda *Harry Potter* heiminum. Þemagreining sem var framkvæmd við háskólann í Winchester, Bretlandi, á twitter síðum nokkurra glæpasagnahöfunda skoðaði samskipti höfundarins við aðdáendur/fylgjendur sína. Það sem kom fram þar var að samskipti höfunda og lesenda á samfélagsmiðlinum voru mjög lík hefðbundnum⁴⁹ samskiptum stjarna og aðdáenda.⁵⁰ Einnig var nefnt að höfundarnir ættu til með að nota miðillin til að fá aðstoð við að skapa næsta verk sitt, sem dæmi að biðja um hjálp við að nefna persónur í bókinni eða við útgáfu bókarinnar.⁵¹ Þar með geta samfélagsmiðlar verið vettvangur fyrir lesandann að taka þátt í sköpun bókana. Þó kom einnig fram að höfundar verða almennt ekki stórstjórnur á samfélagsmiðlum nema með nokkrum undantekningum eins og J. K. Rowling.⁵²

Það getur verið mjög mikilvægt að hafa þessi samskipti við lesandann af því að það eins og kom fram hér að framan þá eru bækur söluvara og því er gott að halda góðu sambandi við lesendur og jafnvel gefa þeim upplýsingar um söguheiminn sem þeir annars hefðu ekki aðgang að. Fræðimenn hlyntir Frankfurtarskólanum og Max Weber héldu því fram að í nútímasamfélagi myndi ímyndunaraflíð minnka undir valdi kapítalismans, í samfélagi þar sem allt er vara sem hægt er að selja.⁵³ Félagsfræðingarnir Theodor Adorno og Max Horkheimier skoðuðu menningu og kapítalisma á miðri tuttugustu öld í ritgerð sinni um það sem þeir kölluðu menningariðnað. Þar halda þeir því fram að skemmtiefni sé fjöldaframleitt á færibaldi þar sem

⁴⁸ Rojek, Chris, *Celebrity*, London: Reaktion Books Ltd, 2001, bls. 187.

⁴⁹ Giles, höfundur greinarinnar sem vitnað er í nefnir „hefðbundin samskipti aðdáenda og stjarna án þess að útskýra hvað það í raun þýðir. Hægt er að álykta að hann sé að ræða ópersónulegri og þar með formlegri samskipti milli stjörnumunnar og aðdáandans.“

⁵⁰ Giles, David, „How do fan and celebrity identities become established on Twitter? A study of „social media natives“ and their followers“, *Celebrity studies* 8: 3/2017, bls 445-460, hér bls. 457.

⁵¹ Sama rit, bls. 457.

⁵² Sama rit, bls. 458.

⁵³ Appadurai, Arjun, *Modernity at Large*, bls. 6.

útlit þess er staðlað til að verða sem vinsælast til þess að ná hámarksgróða.⁵⁴ Út frá þessum kenningum er hægt að halda því fram í dag að netið sé eins konar ópíum fyrir samfélagið til að trufla fólk frá umheiminum. Í dag höfum við séð að með netinu hefur ímyndunaraflíð og einstaklingshyggjan blómstrað sem sjá má á listaverkum og bókum sem birtast ókeypis á netinu og einnig á því að höfundar hafa fengið vettvang til að ræða söguheim sinn og bæta í hann.

Vegna þess hvernig netið hefur opnað vettvang fyrir umræðu um bækur og söguheim þeirra og að skrifa sögur um söguheiminn þá er hægt að álykta að höfundurinn ákveði að taka þátt í þessum umræðum og verði þar með hluti af þessum hópi aðdáenda að einhverju leyti. Jafnvel eru höfundar neyddir til að taka þátt í samfélagsmiðlum af útgefendum sínum að einhverju leyti til að auka sölu bókanna. Með því að ræða verk sín svona opinberlega hefur orðið einhver breyting á sambandi textans, lesandans og höfundar, breyting sem hefði ekki verið möguleg nema með tilkomu samfélagsmiðla. Bókmenntafræðingurinn James Phelan fjallaði um frásagnarfræði og hlutverk höfundarins, lesandans og textans og hvernig þessir þrír þættir virki saman. Hann greindi frá því að þessir þrír hlutir virkuðu saman sem þríhyrningur.

The approach postulates a recursive relationship among authorial agency, textual phenomena (including intertextual relations), and reader response. Texts are designed by authors in order to affect readers in particular ways; those designs are conveyed through the words, techniques, structures, forms, and intertextual relations of texts; and reader responses are a function of and, thus, a guide to how authorial designs are created through textual phenomena.⁵⁵

Þessi þríhyrningur gerir ekki ráð fyrri því að höfundurinn taki þátt í umræðunni eftir útgáfu bókarinnar, heldur að lesandinn taki við textanum og túlki hann. Það þarf að nálgast hlutverk höfundarins á samfélagsmiðlum sem eitthvað sem á heima fyrir utan þríhyrninginn þar sem hann

⁵⁴Horkheimer, Max og Theodor W. Adorno, „The culture industry: Enlightenment as mass deception”, í *Media and cultural studies Keywords*, ritstj Meenakshi Gigi Durham og Douglas M. Kellner, Oxford: Blackwell Publishing Ltd, 2001, bls. 41.

⁵⁵ Herman, David, *The Cambridge Companion to Narrative*, „Cambridge companions to literature“, Cambridge: Cambridge University Press, 2007, bls. 295-296.

er ekki lesandinn, og hann er ekki höfundurinn af því að höfundurinn endar þar sem textinn byrjar.

3 Höfundurinn á Twitter.

Ein af vinsælustu bókaseríu seinni tíma er *Harry Potter*-bókaserían sem kom út á árunum 1997-2007 og voru gríðarlega vinsælar kvikmyndir byggðar á þeim, ásamt skemmtigörðum, sérvörubúðum og margverðlaunuðu leikriti á West End í London. Höfundur bókanna J. K. Rowling hefur hlotið mikið lof fyrir bækurnar og er heimsfræg fyrir þær, en hún er gríðarlega virk á samfélagsmiðlum þar sem hún ræðir mikið opinberlega um efni bóka sinna og svarar brennandi spurningum aðdáenda. Samfélagsmiðlanotkun hennar hefur á síðustu árum vakið gríðarlega athygli og hafa ýmsir álitspistlar verið skrifaðir um hvernig hún notar Twitter í sínu daglega lífi. Bara það að Rowling stofnaði Twitter-aðgang var talið fréttanæmt, en fréttaveitan *The Telegraph* greindi frá því árið 2009 þegar hún stofnaði aðganginn til að sporna við því að fólk væri að nota nafn hennar á miðlinum.⁵⁶ Í dag, 10 árum seinna, hefur hún næstum 15 milljón fylgjendur á Twitter og deilir þar greinum og fróðleikspunktum í tengslum við *Harry Potter*-heiminn ásamt því að ræða um stjórnmál og önnur mál sem eru í brennidepli.

Ásamt því að vera mjög virk á Twitter stofnaði hún og skrifar reglulega greinar og sögur tengdar *Harry Potter* á Pottermore sem er opinbera heimasíða *Harry Potter*-heimsins. Þar geta aðdáendur keypt varning, tekið próf og flokkað sig á heimavistir Hogwartsskólans. Eitt af því sem Rowling hefur verið gagnrýnd fyrir er að breyta og bæta við í söguheim bóka sinni eftir útgáfu þeirra á samfélagsmiðlum. Eitt af slíkum atvikum var árið 2007 þegar Rowling tók þá umtöluðu ákvörðun að tilkynna að ein aðalpersóna bókanna, Albus Dumbledore hinn aldrei skólastjóri Hogwarts skólans, hafi í raun verið samkynhneigður og átt í ástarsambandi við fyrrum óvin sinn Gellert Grindelwald.⁵⁷ Grindelwald var ekki persóna í *Harry Potter* bókaseríunni, hann er aðeins nefndur enda löngu látinn þegar atburðir bókanna eiga sér stað. Hins vegar er kvikmyndaserían *Fantastic Beasts and where to find them* sérstaklega um stríðið við

⁵⁶ Chivers, Tom, „Harry Potter author JK Rowling joins Twitter”, *The Telegraph*, 2009, sótt 15.11.2019 af <https://www.telegraph.co.uk/culture/harry-potter/6242695/Harry-Potter-author-JK-Rowling-joins-Twitter.html>

⁵⁷ Desta, Yohanda, „J.K. Rowling has more to say about the „sexual dimension” of Dumbledore and Grindelwald”, *Vanity Fair*, 2019, sótt 15.11.2019 af <https://www.vanityfair.com/hollywood/2019/03/jk-rowling-dumbledore-grindelwald-relationship#>

Grindlewald og er samband þeirra skoðað í myndunum. Þrátt fyrir yfirlýsingar Rowling um kynhneigð persónanna hafa þeir sem koma að gerð kvikmyndanna fullyrt að kynhneigð þeirra verði ekki hluti af heimi *Fantastic Beasts and where to find them*.

Vegna þess að kynhneigð persónanna hefur aldrei verið, og að öllum líkindum mun aldrei vera hluti af bókum eða kvikmyndum *Harry Potter* eða *Fantastic Beast* hugarheimanna, er hún aðeins til í heimi samfélagsmiðla og netsins og því erfitt að ákveða hvort að maður eigi að taka fullyrðingar Rowlings til greina við lestur bókanna og áhorf myndanna. Kynhneigð þeirra virðist því eiga heima í sama heimi og skáldskapur aðdáenda, ekki raunverulega söguheiminum heldur aðeins á netinu á samfélagsmiðlunum til að þóknast forvitnum aðdáendum. Það er hægt að horfa á það sem eins konar söluvöru, þar sem sá hluti ímyndunaraflsins er hluti af hópímyndunaraflinu sem er til á samfélagsmiðlum eins og Appadurai talar um. Líkt og aðdáendurnir sem skrifa skáldskap um persónunnar getur höfundurinn sjálfur tekið að sér hlutverk aðdáandans að einhverju leyti og tekið þátt í þessum skáldskap utan verksins og tekur þar með þátt í eins konar menningariðn.

Einn áhrifaþáttur varðandi það hvers vegna Rowling talar svona mikið um efni bókanna sinna á samfélagsmiðlum er hversu vinsæl verk hennar eru. Rowling hefur notið gríðarlegra vinsælda og hefur hún grætt milljarði Bandaríkjadollara á öllum mismunandi hliðum *Harry Potter*-heimsins. Í rannsókninni um höfunda á Goodreads kom fram að ef höfundur var vel þekktur og hafði skrifað margar vinsælar bækur hafði fólk aðra skoðun á athugasemdum höfundarins en annars.⁵⁸ Ef höfundur hafði verið lengi að skrifa og ætti því að vera kunnugur heiminum var ætlast til þess að hann eða hún ætti að hegða sér fagmannlega í garð gagnrýnenda og annarra á samfélagsmiðlum, á meðan fólk var tilbúið til að fyrirgefa ummæli þeirra sem voru nýkomnir.⁵⁹ Þetta gerir það að verkum að Rowling er ekki bara stöðugt í sviðsljósinu sem einn frægast bókahöfundur okkar tíma heldur er stöðugt verið að skoða og gagnrýna hana fyrir það sem hún segir opinberlega. Frægð hennar breytir eðli nafns hennar, eins og Genette og Foucault benda á; ef höfundar nafnið er nafn frægs höfundar hefur það aðra merkingu en nafn óþekktis höfundar af því að lesandinn hefur litla sem enga tengingu við það nafn.⁶⁰

Það sem fólk hefur sérstaklega nefnt þegar kemur að Twitter-notkun Rowling er að hún

⁵⁸ Matthews, Jolie C, „Professionals and nonprofessionals on Goodreads”, bls. 2310.

⁵⁹ Sama rit, bls. 2310.

⁶⁰ Genette, *Gerard Genette: Paratext*, bls. 40.

virðist vera að reyna að bæta úr því að í bókum hennar eru ekki margar persónur úr minnihlutahópum, hvort sem það er vegna kynhneigðar eða kynþáttar og hefur hún verið gagnrýnd fyrir að reyna að virðast opnari fyrir þessum minnihlutahópum.⁶¹ Ásamt því að fullyrða að Dumbledore væri samkynhneigður hefur hún sagt að það hafi verið nemandi við skólann sem var gyðingur og að Hermione gæti hafa verið svört og að snákurinn Nagini sé í raun kona frá Asíu sem hafi breyst í snák vegna bölvunar.⁶² Hún sjálf hefur aldrei viðurkennt það en hægt er að álykta að hún sé að reyna að aðlaga textann sinn að nútímasamfélagi þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á fjölbreytileika í bókmenntum og kvikmyndum okkar. Í rannsókn á samfélaginu sem gerð var í tengslum við aðdáendaskáldskap (e. fan fiction) við háskólann í Irving í Kaliforníu kom fram að þeir sem tóku þátt í þessu samfélagi og skrifuðu slíkan skáldskap voru að gera það að einhverju leyti til að réttlæta og breyta einhverju varðandi persónurnar og söguþráðinn sem þau töldu hafa verið mistök í upprunalega textanum.⁶³

Ekki allir höfundar hafa þessa tilhneigingu til að tala um verk sín á samfélagsmiðlum líkt og Rowling gerir, til eru höfundar sem afneita slíkri hegðun. John Green er einn af vinsælustu höfundum sem skrifa fyrir unglunga í dag, hann er mjög virkur á samfélagsmiðlum og hefur haft gríðarleg áhrif á mótun samfélagsmiðla. Sem dæmi er hann einn af stofnendum ráðstefnunnar VidCon þar sem efnisgerðamenn á miðlinum Youtube koma saman og hitta tugi þúsunda aðdáenda frá öllum heimshornum. John hefur skrifað nokkrar metsölubækur, þar á meðal *The Fault in our Stars* sem var aðlöguð að gerð kvikmyndar árið 2014. Hún fjallar um langveika stúlku sem fer ásamt kærasta sínum til Hollands til að hitta uppáhaldsrithöfund sinn og spyr hann hvað hafi orðið um persónur uppáhaldsbókar hennar eftir að bókinni lauk. Þegar hún loksins hitti höfundinn í lok sögunnar, neitar hann að svara því hvað varð um persónur sögu sinnar og verður hún því gera það upp við sig sjálf. Á heimasíðu John Green svarar hann spurningunni um hvernig honum líði varðandi bækur sínar eftir að hafa skrifað þær; hann svarar: „I still feel proud of the books I’ve written, but they also feel very *finished* to me. They belong to their readers

⁶¹ Morgan, Richard, „It’s not enough for J.K. Rowling to say her characters are queer. Show it to us.”, *The Washington Post*, 2019, sótt 18. nóvember af <https://www.washingtonpost.com/lifestyle/2019/03/18/its-not-enough-jk-rowling-say-her-characters-are-queer-show-it-us/>

⁶² Anthony Goldstein kom aldrei fram í upprunalega textanum frekar en einhver önnur persóna sem var gyðingur. Húðlitur Hermione var aldrei sagður í textanum en hægt er að álykta að hún hafi ekki verið svört út frá því að þegar Rowling hafði svartar persónur í bókunum gerði hún það mjög skýrt fyrir lesandanum að þær persónur voru svartar. Því má álykta að ef Hermione hefði verið svört hefði Rowling gert það mjög skýrt.

⁶³ Black, Rebecca W, „Online fan fiction, global identities and imagination“, *Research in the Teaching of English*, 43: 4/2009, bls. 417.

now, which is a great thing—because the books are more powerful in the hands of my readers than they could ever be in my hands.”⁶⁴

Það er áhugaverður samanburður á milli Rowling og Green þar sem bæði eru þau virk á samfélagsmiðlum og skrifa bæði bækur sem miðast aðalega við fólk á eða nálægt unglingsaldri. Á meðan Green virðist halda sig við kenningar Barthes um dauða höfundarins gerir Rowling í því að draga úr söguheiminum sem hún hefur skapað og stækka hann í allar áttir. Green neitar að taka að sér það hlutverk sem Rowling virðist gríðarlega tilbúin til að stíga inn í. Það hlutverk er að einhverju leyti þáttur gagnrýnandans en einnig aðdáandans. Eftir breytingar á siðareglum fyrir höfunda á Goodreads má álykta að skoðanir meirihlutans virðist hallast að því að höfundurinn eigi ekki að blanda sér mikið í umræður um efni bóka sinna á netinu. Sem dæmi um þessar reglur er það að höfundar eigi ekki að svara neikvæðum ummælum um bækur sínar eða reyna að hafa áhrif á skoðanir lesenda á bókum sínum.⁶⁵

Hægt er að sjá ákveðin stjörnuþekki hjá bæði Green og Rowling, bæði á samfélagsmiðlum og fyrir utan þá. Green vill að lesendur sínir noti ímyndunaraflið til að túlka bækurnar sínar og gerir það með því að neita að taka þátt í frekari umræðum um efni bókana sjálfra. Rowling notar samfélagsmiðla til að stjórna ímyndunarafli lesenda og segja þeim hvernig þeir eigi að túlka efni bóka sinna, bæði með því að svara spurningum og með því að gefa út framhald af bókum í formi leikrita og smásagna. Sá lestur sem fer fram á samfélagsmiðlum hefur ekki minna gildi í sjálfu sér, Green sagði í viðtali að hann teldi að ungmenni læsu meira í dag en þau hafi gert þegar hann var ungur, eingöngu vegna tilkomu netsins þar sem þau eru alltaf að lesa eitthvað.⁶⁶ Ein hætta gæti fylgt því að gefa lesandanum svona miklar upplýsingar um heiminn, það er að þá er ekki verið að örva ímyndunarafl lesandans og því getur lesandanum farið að leiðast lesturinn eins og Iser heldur fram.

Bæði Rowling og Green eru mjög þekkt í dag og eru að einhverju leyti stjórnur eins og komið hefur fram hér að framan. Green virðist ekki jafn gjarn á að taka það hlutverk að sér á meðan Rowling opnar sig fyrir öllu því sem frægð hennar hefur upp á að bjóða. Aðgerðir þeirra beggja benda til þess að hvorugt þeirra afneiti fullyrðingu Appadurai um að með hnattvæðingu

⁶⁴ Green, John, „FAQ”, *johnngreenbooks.com*, sótt 20.11.2019 af <http://www.johnngreenbooks.com/where-i-get-my-ideas-inspiration-and-general-writing-stuff>

⁶⁵ Goodreads, „Author Guidelines“.

⁶⁶ Barkdoll, Jayme K., og Lisa Scherff, „Literature is not a cold, dead place: an interview with John Green.“ *The English Journal*, 97: 3/2008, bls. 69.

hafi ímyndunaraflíð orðið að sameign samfélagsins en þau nýta það á mismunandi hátt. Rowling hefur aldrei afneitað þeim skáldskap sem aðdáendur skapa um og í kringum *Harry Potter*-heiminn og virðist hlynnt því að lesendur taki þátt í þessari heimssköpun við hliðina á henni með því að skapa þessi samfélög, á t.d. Pottermore. Green afneitar aðeins því að höfundurinn eigi að taka þátt í þessu samfélagi í myndunarafls sem verður til í kringum bókmenntir hans. Hvernig Rowling heldur utan um heiminn sem hún hefur skapað er nátengt eðli kapítalistans þar sem stöðugt þarf að vera að breyta og bæta vörumerkið sem hefur verið skapað til að hægt sé að græða sem mest á því.⁶⁷

Hvernig Rowling notar samfélagsmiðla til að ræða efni verka sinna getur að einhverju leyti ógnað því hvernig lesandinn las textann upprunalega, ef einstaklingur las Dumbledore sem gagnkynhneigðan felst ógnun í því að höfundurinn tilkynni seinna meir að hann sé í raun samkynhneigður. Þegar við lesum þá sköpum við ákveðna sjónhverfingu eða talsýn í hjáveruleikanum og að einhverju leyti er Rowling að spilla þessari sjónhverfingu eða allavega að reyna að stjórna henni.⁶⁸ Eins og Iser segir þá reynum við að túlka texta og púsla honum saman eins og við höldum að höfundurinn hafi ætlast til að hann væri túlkaður, því verður einhver breyting á því hvernig við setjum textann saman þegar við höfum nýjar upplýsingar og breytta sýn á heiminn.⁶⁹ Tíst hennar eru að sjálfsgöðu hluti af innrömmunn Genette eins og gerð var grein fyrir í fyrsta kafla þessarar ritgerðar. Það að Rowling lýsi yfir einhverju um textann á Twitter gerir það að verkum að við sem lesendur tökum það ósjálfrátt með við lestur textans.

Lokaorð

Rædd hafa verið ýmis hlutverk varðandi verkið hér að ofan, svo sem hlutverk lesandans, höfundarins, gagnrýnandans og aðdáandans, öll eru hlutverkin samtengd en virka þó öll á mismunandi hátt. Til að réttmæta aðgerðir Rowling, og annarra höfunda sem stunda slíkt hið sama á samfélagsmiðlum, þarf að setja hana í rétt hlutverk. Hér fyrir ofan var rætt um þríhyrninginn sem höfundur, lesandinn og textinn skapa og hlutverk höfundarins á samfélagsmiðlinum í tengslum við það. Það gæti verið að hún hafi tekið að sér að einhverju leyti

⁶⁷ Rojek, *Celebrity*, bls. 14.

⁶⁸ Iser, *The reading process*, bls. 199.

⁶⁹ Sama rit, bls. 199.

hlutverk höfundarins eins og Foucault talar um það þar sem gagnrýnandinn greinir verkið út frá formgerð þess og endurvekur það gæti átt meira við um hlutverk hennar. Ef höfundurinn ræðir verkið og reynir að breyta því eftir að það er komið út hefur hann þá tekið þátt í hlutverki gagnrýnandans í þeim skilningi að þeir ræða verkin eftir útgáfu þeirra? Er ekki hægt að tengja hlutverk höfundar sem upphafsmanns textans við hlutverk hans sem gagnrýnandans?

Eins og kom fram hér framar er hugmynd Barthes um gagnrýnandann sú að ef höfundurinn er dauður þá er gagnrýnandinn einnig dauður.⁷⁰ Ef Rowling neitar að deyja í skilning Barthes, með því að halda í eins mikil völd yfir túlkun á verkinu sínu og hún getur, er hún líka að halda hlutverki gagnrýnandans lifandi. Með því halda sig við það að tjá sig opinberlega um skoðanir sínar á verkinu hefur hún opnað fyrir gagnrýni úr öllum áttum. Þegar hún tekur að sér að breyta og bæta við verkin sín er hún einnig á einhvern hátt að gefa í skyn að það sé eitthvað sem þarf að breyta og bæta við upprunalega textann og er þannig orðin gagnrýnandi eigin texta.

Annað hlutverk sem Rowling getur verið að taka sér þegar hún fer á Twitter er hlutverk aðdáandans. Aðdáandinn tekur þátt í umræðu um verkið og sem lesandi tekur hann þátt í túlkun á verkinu við lesturinn en hann getur einnig tekið þátt í að skapa annan skáldskap sem er tengdur verkinu og persónum verksins. Þarna tekur aðdáandinn að sér að fylla inn í eyðurnar sem höfundurinn skildi eftir og jafnvel breyta efni verkana til að þóknast þeirra þörfum meira.⁷¹ Þessi tegund af skáldskap hefur verið tengd við tímarit frá fjórða áratug síðustu aldarinnar en eins og margt annað hefur orðið sprenging í fjölda þeirra með nýrri tækni.⁷² Það mætti þó alveg segja að hægt sé að rekja þessa tegund af skáldskap enn þá lengra aftur í tímann, þetta er ekki ósvipað því þegar Chrétien de Troyes skrifar sögur um hin goðsagnakenda Arthur konung á tólftu öld.

Aðdáandi getur farið í hvaða miðil sem er og skrifað og birt stutta sögu um ungan nemenda við Hogwarts skóla sem er af gyðingaupprunna og á sama tíma getur Rowling gert nákvæmlega það sama á Twitter, sem hún gerði. Þegar hún var spurð á Twitter um hvort það væri gyðingur í Hogwarts svarar hún: „Anthony Goldstein, Ravenclaw, Jewish wizard.“⁷³ Það

⁷⁰ Barthes, bls 147.

⁷¹ Eins og kom fram í kafla tvö þessarar ritgerðar eru einhverjir sem vilja laga eitthvað sem þeim finnst að í upprunalega textanum. Ef lesandanum finnst endir sögunnar leiðinlegur getur hann einfaldlega endurskrifað hann frá grunni.

⁷² Thomas, Angela, „Fan fiction online: Engagement, critical response and affective play through writing”, *Australian journal of language and literacy* 29: 3/2006, bls. 226-239, hér bls. 226.

⁷³ Rowling, J.K. (@jk_rowling), 2014, „Anthony Goldstein, Ravenclaw, Jewish wizard“, Twitter, 16. desember 2014, 08:06, sótt 01.12.2019 af

eina sem aðgreinir sögupersónu Rowling og sögupersónu aðdáandans er að Rowling er höfundur upprunalega textans og fær því eitthvert meint vald út frá því eins og Foucault gerir grein fyrir. Samfélagið sem hefur skapast í kringum aðdáendaskáldskap hefur lengi verið gagnrýnt, ásamt eðli skáldskaparins sjálfs, en þeir sem taka þátt í því hafa varið það og sagt að það hjálpi einstaklingum við að læra að skrifa og betrumbæta verk sem eru nú þegar til.⁷⁴ Hún hefur fetað í fótspor aðdáandans og verður því einhvers konar blendingur af höfundi og aðdáenda sem tekur þátt í þessu stóra samfélagið sem er til staðar á samfélagsmiðlum.

Samband textans og höfundarins er breytilegt og er það undir lesendunum komið hvort þeir vilji hafa skoðun höfundarins í huga við lesturinn eða hvort þeir vilji stýra merkingunni sjálfir. Ef við gerum ráð fyrir að fullyrðingar Rowling fyrir utan útgefna textann séu í raun hluti af textanum og innrömmunninni, vegna þess að hún er höfundur textans og stjórnar því merkingunni, þá gerum við einnig ráð fyrir því að merking textans sé föst í höfði höfundarins og hann einn hafi vald til að breyta henni. Merking nafnsins sem eiginnaframt hjá Foucault bendir til þess að höfundar nafn Rowling feli í sér aukna merkingu vegna frægðar hennar og því hefur sú innrömmunn sem hún skapar á samfélagsmiðlum meira vægi en annars. Þetta gengur því gegn því sem Barthes fullyrðir, að merking textans komi frá lesandanum en ekki höfundinum. Eins og Foucault segir fylgir nafni höfundarins ákveðin orðræða, það er þaðan sem hægt er að segja að Rowling fái vald sitt yfir textanum, en hver sem er getur haldið því fram að Dumbledore sé samkynhneigður en það að bera höfundar nafnið gefur Rowling meira réttmæti en annars til að setja fram slíkar fullyrðingar.

Þrátt fyrir að samfélagsmiðlar séu tiltölulega nýkomnir til sögunnar er lítið nýtt við það sem fram fer á þeim, frekar erum við sjá hlutina gerast á gríðarlegum hraða og í miklum auknum mæli. Rowling hefur greinilega tekið því samfélagi sem hefur orðið til á samfélagsmiðlum opnum örmum og nýtt sér það til hins ýtrasta. Þau hlutverk sem hún hefur tekið að sér með því að ganga inn í samfélag samfélagsmiða eru mörg og mismunandi og öll tengjast þau innbyrðis til að búa til kapítalískan draum margmiðlunar. Vinsældir *Harry Potter*-heimsins eru að einhverju leyti tengdar tilhneigingu hennar að ræða heiminn, hvort sem það er á Twitter, Pottermore eða öðrum miðlum. Í gegnum árin hefur hún ekki aðeins verið rithöfundur heldur einnig

https://twitter.com/jk_rowling/status/544946669448867841?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwtterm%5E544946669448867841&ref_url=https%3A%2F%2Fwww.theguardian.com%2Fbooks%2F2014%2Fdec%2F17%2Fjk-rowling-confirms-that-there-were-jewish-wizards-harry-potter

⁷⁴ Thomas, „Fan fiction online” bls. 229.

gagnrýnandi, stórstjarna og aðdáandi eigin verka. Við getum ekki áætlað hvað höfundur má og má ekki segja um verkið sitt frekar en hvað aðdáandi má og má ekki segja um verkið sitt en eins og Foucault segir þá fylgir nafni höfundarins eins konar orðræða sem gefur honum meira vald en öðrum til að stjórna skoðun okkar á textanum. Ef einhver annar lesandi gefur í skyn að persóna innan sögunnar er samkynhneigð er hægt að segja að það sé aðeins hans skoðun en ef höfundurinn sjálfur segir það eftir útgáfu textans hefur það mun meira vægi en annars. En það er að sjálfsgöðu upp að lesandanum komið hvort hann vilji taka skoðanir höfundarins gildar eða nýtast aðeins við sína eigin túlkun.

Heimildaskrá

- Appadurai, Arjun, *Modernity at Large: Cultural Dimensions of Globalization*, Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 2006.
- Barkdoll, Jayme K., og Lisa Scherff, „Literature is not a cold, dead place: an interview with John Green.“ *The English Journal*, nr. 97: 3/2008.
- Barthes, Roland, „The Death of the Author“, *Image, Music, Text*, ritstj. og þýðandi Stephen Heath, London: Fontana Press, 1977.
- Bertens Hans, „Literary Theory. The Basics“, 3. útg., London og New York: Routledge, 2014.
- Black, Rebecca W, „Online fan fiction, global identities and imagination“, *Research in the Teaching of English*, nr. 43: 4/2009.
- Chivers, Tom, „Harry Potter author JK Rowling joins Twitter“, *The Telegraph*, 2009, sótt 15.11.2019 af <https://www.telegraph.co.uk/culture/harry-potter/6242695/Harry-Potter-author-JK-Rowling-joins-Twitter.html>
- Desta, Yohanda, „J.K. Rowling has more to say about the „sexual dimension” of Dumbledore and Grindelwald“, *Vanity Fair*, 2019, sótt 15.11.2019 af <https://www.vanityfair.com/hollywood/2019/03/jk-rowling-dumbledore-grindelwald-relationship#>
- Edidin, Rachel, “Orson Scott Card: Menton, Friend, Bigot” *Wired*, 2013, sótt 03.12.2019 af <https://www.wired.com/2013/10/enders-game/>
- Foucault, Michel, “Hvað er höfundur?” *Alsæi, vald og þekking: útlval greina og bókakafla*, þýtt af Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurði Ingólfsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 69-95.
- Giles, David, „How do fan and celebrity identities become established on Twitter? A study of „social media natives“ and their followers“, *Celebrity studies* 8: 3/2017.
- Goodreads, „Author Guidelines“, *Goodreads*, sótt 28.11.2019 af <https://www.goodreads.com/author/guidelines>
- Green, John, „FAQ“, *johngreenbooks.com*, sótt 20.11.2019 af <http://www.johngreenbooks.com/where-i-get-my-ideas-inspiration-and-general-writing-stuff>
- Herman, David, *The Cambridge Companion to Narrative*, „Cambridge companions to literature“, Cambridge: Cambridge University Press, 2007.
- Horkheimer, Max og Theodor W. Adorno, “The culture industry: Enlightenment as mass deception”, í *Media and cultural studies Keywords*, ritstj. Meenakshi Gigi Durham og Douglas M. Kellner, Oxford: Blackwell Publishing Ltd, 2001.

- J. K. Rowling, „About“, *jkrowling.com*, sótt 16.10.2019 af <https://www.jkrowling.com/about/##targetText=The%20book%20was%20first%20publi shed,target%20audience%20of%20young%20boys>.
- Jauss, Hans Robert, „Literary History as a Challenge to Literary Theory“, *New Literary History* nr. 2: 1/1970, bls. 7-37.
- Macksey, Richard, „Foreword“, Genette, Gerard, *Gerard Genette Paratexts: Thresholds of interpretation*, New York: Cambridge University Press, 1997.
- Matthews, Jolie C, „Professionals and nonprofessionals on Goodreads: Behavior standards for authors, reviewers, and readers“, *New Media and Society* nr.18: 10/2015, bls. 2305-2322.
- Morgan, Richard, „It’s not enough for J.K. Rowling to say her characters are queer. Show it to us.“, *The Washington Post*, 2019, sótt 18.11.2019 af <https://www.washingtonpost.com/lifestyle/2019/03/18/its-not-enough-jk-rowling-say-her-characters-are-queer-show-it-us/>
- Rojek, Chris, *Celebrity*, London: Reaktion Books Ltd, 2001.
- Thomas, Angela, „Fan fiction online: Engagement, critical response and affective play through writing“, *Australian journal of language and literacy* nr. 29: 3/2006, bls. 226-239.
- Wolfgang Iser: „The Reading Process: A Phenomenological Approach“ í *Modern Criticism and Theory: A Reader*, 2. útg., ritstj. David Lodge, Essex: Pearson Education.